

Fimmtudaginn 12. júlí 1951.

Nr. 9/1950:

**Alþýðusamband Íslands f. h.  
Verklýðs- og sjómannafélagsins Bjarma  
vegna Sigurjóns Jónssonar**  
(Egill Sigurgeirsson hrl.)  
gegn  
**eigendum m/b Hásteins ÁR. 193**  
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

**Varadómarar Benedikt Sigurjónsson  
og Eyjólfur Jónsson í stað Ísleifs  
Árnasonar og Helga Hannessonar**

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um kaup fyrir veikindadaga.

#### **Dómur:**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 29. nóv. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. verklýðs- og sjómannafélagsins Bjarma, Stokkseyri, vegna Sigurjóns Jónssonar gegn eigendum m/b Hásteins ÁR. 193, Stokkseyri.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. febrúar 1947 var undirritaður á Stokkseyri samningur milli verklýðs- og sjómannafélagsins Bjarma annarsvegar og útgerðarmanna á Stokkseyri hinsvegar, um kaup og kjör háseta á bátum þeim, sem gerðir eru út frá Stokkseyri. Þessi samningur var í gildi til 6. febr. 1949, en þá var hann framlengdur með nokkrum breytingum. Ekki var haggð við 5. gr. samningsins frá 11. febr. 1947, en hún er svohljóðandi:

„Verði háseti frá vinnu vegna veikinda skal hann haldá óskertum hlut sínum næstu 10 daga.“

Á vetrarvertíðinni 1950 veiktist einn hásetanna á m/b Hásteini tvívegis og var frá vinnu af þeim sökum dagana 7. til 18. apríl og frá 24. apríl til vertíðarloka. Vegna þessara veikinda kom upp ágreiningur milli samningsaðilja um það, hvernig skilja bæri framangreinda 5. gr. samningsins. Heldur stefnandi því fram, að hún feli í sér, að háseti skuli halda óskertum hlut í allt að því 10 daga í hvert sinn, sem hann kann

að veikjast og eigi nefndur Sigurjón því að halda hlut sínum samkvæmt því. Í samræmi við þenna skilning sinn gerir stefnandi þær dómkröfur í máli þessu, að dæmt verði, að áðurnefnd 5. gr. í samningi aðilja máls þessa frá 11. febr. 1947, sem framlengdur var 6. febr. 1949, sé rétt skilin og framkvæmd svo, að Sigurjón Jónsson skuli halda óskertum hlut sínum dagana  $7/4$ — $18/4$  og  $24/4$ — $4/5$  1950 og að stefndu sé dæmt skylt að haga reikningsskilum sínum við hann í samræmi við það. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að samkvæmt nefndu ákvæði 5. gr. hafi Sigurjón aðeins átt rétt til hlutar 10 veikindadaga alls á vetrarvertíðinni. Auk þess telur stefndi, að Sigurjón hafi með fyrirvaralausri kvittun sinni, er fullnaðarreikningsskil fóru fram 17. maí 1950, firrt sig rétti til þess að hafa uppi frekari kröfur á hendur eigendum m/b Hásteins út af vetrarvertíðinni 1950.

Stokkseyrarhreppur er eigandi að  $1/3$  hluta m/b Hásteins. Hefur oddviti hreppsins, Sigurgrímur Jónsson, sem var við samningsgerðina í febrúar 1947 af hálfu útvegsmanna, komið hér fyrir dóm og gefið skýrslu um málavöxtu af hálfu útvegsmanna. Hann kveðst hafa minnst á það við samningsgerðina 1947, hvort hætta gæti verið á, að 5. gr. samningsins yrði skilin svo, að háseti gæti gert kröfu til fleiri en 10 veikindadaga alls, en aðrir samningsaðiljar hafi þá talið það svo fráleitt, að ekki hafi þótt ástæða til þess, að hafa orðalag 5. gr. öðruvísi.

Í samninganefnd verklýðsfélagsins voru í þetta sinn 5 menn. Þeir þeirra: Gunnar Guðmundsson, Steindór Guðmundsson og Gísli Gíslason, hafa lýst því yfir fyrir dómi, að þeir telji sig aðeins hafa samið um 10 veikindadaga alls með frammanefndri 5. gr. Einn þeirra, Frímann Sigurðsson, kveður það ávallt hafa verið skoðun sína, að háseti ætti rétt til 10 veikindadaga í hvert sinn, þó að hann veiktist oft en einu sinni á sömu vertíð, en 5. samninganefndarmaðurinn, Erlendur Jónsson, hefur ekki gefið skýrslu í málinu. Formaður verklýðsfélagsins, Björgvin Sigurðsson, kveðst að vísu

ekki hafa verið í samninganefnd 1947, en hann hafi verið staddur á öllum samningafundunum og ráðið orðalaginu á samningnum. Hann kveðst ekki minnast þess, að það hafi komið til umræðu, er samið var þá, hvort háseti gæti fengið fleiri en 10 veikindadaga samtals. En það er álit hans, að skýra beri það ákvæði samningsins, sem um er deilt, á þann hátt, er stefnandi heldur fram.

Þess skal getið, að aðiljar málsins eru sammála um það, að orðið „næstu“ í oftnefndri 5. gr. skuli merkja það, að til veikindadaga háseta skuli telja næstu daga eftir að hann veikist, án tillits til þess, hvort það eru róðrardagar eða ekki.

Orðalag margnefndrar 5. gr. er ekki svo ljóst, að af því einu verði með öruggri vissu ráðið, hvað aðiljar hafi komið sér saman um. En þegar litið er til framangreinds vitnisburðar samninganefndarmannanna, Gunnars, Steindórs og Gísla, að þeir telja sig aðeins hafa samið um 10 veikindadaga alls, og þess jafnframt, að samkvæmt gögnum málsins tíðkast það ekki í kjarasamningum í verstöðvum, sem jafnað verður til Stokkseyrar, að veikindadagar geti orðið svo margir, sem stefnandi vill hér vera láta, verður að telja, að aðeins hafi verið samið um 10 veikindadaga alls með framangreindu samningsákvæði. Er því þá og gaumur gefinn, að 10 veikindadagar alls verða ekki taldir óeðlilegur tími, þegar miðað er við lengd vertíðarinnar sjálfrar.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Stefndi, eigendur m/b Hásteins ÁR. 193, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Albýðusambands Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélagsins Bjarma vegna Sigurjóns Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.